

## **38. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 16. janúar 2002 kl. 15:00 á skrifstofu SORPU.

Mættir: Gunnar Bragason, Björn Halldórsson, Ingi Arason og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ásmundur Reykdal og Pétur Bjarnason í síma.

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### **LCA málið, innheimta styrkja.**

Fjáröflun vegna verkefnisins er lokið. Samtals innheimtust kr. 700.000. Borist hefur reikningur frá Línuhönnun fyrir hærri upphæð. Jóhannes taki að sér að ganga frá málinu í samræmi við upphaflega kostnaðaráætlun.

### **Merkingarmál**

Rætt um tekjur og kostnað vegna merkingakerfis FENÚR. Björn H. tekur að sér að gera upp reikninga við fjölprent fyrir árið 2001. Nýju merkin hafa fengið góðar móttökur og er verið að taka þau í notkun hjá nokkrum sorpsamlögum og söfnunarfyrirtækjum. Stefnt að því að taka kerfið upp á höfuðborgarsvæðinu. Á.R. og Agnar, ræða málið á fundi með Hreinsunardeild Reykjavíkur í næstu viku.

### **Starfshópar.**

Rætt um starfsemi starfshópanna. Hún hefur verið í lágmarki eftir Akureyrarfundinn. BH hefur unnið að undirbúningu að frekari kynningu á seyrumeðhöndlun í sínum hópi, en engar tímasetningar ennþá.

Rætt um aðalfund FENÚR og dagskrá hans. Tillaga kom um föstudaginn 12. apríl. Hugmyndir um dagskrá. Frumkvöðlaverðlaun, niðurstöðu STENÚR hópsins, urðunartilskipun ESB, reglugerð um húsdýraúrgang, nýr spilliefnalist ESB. Ákveðið að nota tímann fram að næsta fundi til hugmyndavinnu.

### **Heimasíða.**

G.Tr. og BH. taka að sér að fylgja eftir uppfærslu á heimasíðu starfshópa FENÚR.

### **Fjármál.**

Umræðu frestað til næsta fundar.

### **STENÚR**

IA. greindi frá því nýjasta, sem er að fréttu varðandi STENÚR frumvarpið. Samkvæmt því virðist nokkurra tíðinda að vænta um í hvaða farveg þau mál öll eru að fara. Beðið eftir gögnum um málið til frekari umfjöllunar.

### **ISWA**

Næsti aðalfundur ISWA, verður haldinn í Istanbul, Tyrklandi í júlí í sumar. Beðið með að tilnefna fulltrúa FENÚR á fundinn.

### **Samstaf við Hollustuvernd**

GB. greindi frá því að ekkert hafi heyrst frá Hollustuvernd vegna fyrirhugaðs fundar um samstarf, sem rætt var um í apríl sl. Hann ætlar að taka málið upp að nýju við Hollustuvernd.

### **Norræn samvinna.**

Næsti fundur DNR (Det nordiske renholdnings udskottet) verður í Noregi í ár. Ögmundur Einarsson verður þar fulltrúi Ísdslands (FENÚR). Á næsta ári verður DNR fundurinn haldinn hér á landi og kom fram tillaga um að halda hann í september á Norðurlandi. (Húsavík eða Akureyri)

### **Önnur mál.**

G.Tr. ræddi um söfnun tölfræðiupplýsinga um úrgangsmál frá sveitarfélögum.

GB vill athuga hvort þetta er ekki eitt af því, sem mætti vinna í samstarfi við Hollustuvernd. Málið er áhugavert og á að vera á vetvangi FENÚR.

Næsti fundur ákveðinn 5. febrúar kl. 08:30 á skrifstofu SORPU.

Fundi slitið 16:15

Ásmundur Reykdal.